

## Stofnsáttmáli

# Vestra

## Sameining

Við undirritaðir fulltrúar Blakfélagsins Skells, Boltafélags Ísafjarðar, Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar og Sundfélagsins Vestra samþykkjum, að sameina félögin í eitt, sem hljóta mun nafnið Vestri.

## Formáli

Undirritun þessa sáttmála er lokaáfangi í framkvæmd sameiningarinnar félaganna. Boltafélag Ísafjarðar samþykkti áformin á aðalfundi sínum þann 5. nóvember sl. og á aðalfundi Sundfélagsins Vestra þann 17. nóvember sl. var samskonar samþykkt gerð. Blakfélagið Skellur og Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar héldu bæði félagsfundi sína þann 18. nóvember sl. og samþykktu bæði að taka þátt í sameiningunni, með fyrirvara um samþykki næstu aðalfunda félaganna.

Jafnframt liggur fyrir vilji félagsmanna í Ungmennafélagi Bolungarvíkur að starfa undir merkjum félagsins, í knattspyrnu.

Drög að lögum hins nýja félags hafa verið kynnt væntanlegum félagsmönnum, á opnum kynningarfundum sem og á áður nefndum félags- og aðalfundum félagana.

## Framkvæmd

Við undirritun allra fulltrúa þeirra félaga sem formlega eiga aðild að þessum sáttmála, telst Vestri stofnað og lög þess taka gildi.

## Félagar

Allir félagsmenn í félögunum fjórum, sem og aðrir þeir sem óska eftir, teljast stofnfélagar í Vestra og öðlast við það kosningarétt á stofnfundi.

## Undirskrift.

Ísafirði, 16. janúar 2016.

F.h. Blakfélagsins Skells: Sigurður Sveinsson

F.h. Boltafélags Ísafjarðar: Pili Jón Háttar

F.h. Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar: Ingó Björk Guðnason

F.h. Sundfélagsins Vestra: Þórunn Þórunnsson